

Inngangur

Hjá Matvælarannsóknir Keldnaholti hefur verið unnið að samantekt á þeim upplýsingum sem liggja fyrir um aðskotaefni í íslenskum landbúnaðarafurðum. Niðurstöðurnar eru settar í samhengi við alþjóðlegar niðurstöður til að þær nýtist við sölu- og kynningarstarf. Verkefninu er ætlað að draga fram sérstöðu íslenskra landbúnaðarafurða varðandi aðskotaefni og stuðla að jákvæðri mynd þeirra.

Með **öryggi matvæla (food safety)** er átt við það að matvælin séu örugg fyrir neytendur með tilliti til skaðlegra örvera og aðskotaefna.




Yfirlit

- **Ólífræn snefilefni** (Kadmín, blý, kvikasilfur o.fl.). Lítið greinist af ólífrænum snefilefnum í íslenskum búfjárafurðum.
- **Þrávirk lífræn efni** má rekja til plágueyða (DDT o.fl.), iðnaðar (PCB) og sorpbrennslu (díoxín). Þessi efni hafa greinst í íslensku vistkerfi þótt þau hafi lítið verið notuð hér á landi í iðnaði eða sem plágueyðar.
- **Geislavirk efni**. Mælingar á geislavirkum efnum leiða í ljós mjög lág gildi, langt undir viðmiðunarmörkum. Íslensk náttúra er þó viðkvæm fyrir geislavirku úrfelli.
- **Lyfjaleifar**. Strangt eftirlit er með lyfjaleifum í mjólk og kjöti og hafa slíkar leifar ekki verið greinanlegar í neysluvörum.
- **Nítrat** er eðlilegur þáttur í grænmeti en getur safnast fyrir í blaðgrænmeti í þeim mæli að um aðskotaefni sé að ræða.
- **Sveppaeiturefni**. Lítið er vitað um myndun þessara efna við íslenskar aðstæður en ætla má að sum þeirra myndist ekki vegna lágs umhverfishita.

Kadmín tekið sem dæmi

Kadmín úr jarðvegi greinast í íslenskum mosum en ekkert bendir til þess að það berist í verulegum mæli í búfjárafurðir. Á myndinni kemur fram að kadmín í fjórum fæðutegundum er langt undir hámarksgildum í reglugerð.



Meðaltöl fyrir kadmín í matvælum borin saman við hámarksgildi í reglugerð

Ályktanir

- Yfirleitt er styrkur ólífrænna snefilefna (kadmín, blý, kvikasilfur o.fl.), þrávirkra lífrænna efna (DDT, PCB, díoxín o.fl.) og geislavirkra efna í íslenskum landbúnaðarafurðum með því lægsta sem mælist í nálægum löndum.
- Mæligildi fyrir aðskotaefni í íslenskum landbúnaðar-

afurðum eru yfirleitt langt undir hámarksgildum í reglugerð.

- Nákvæm stjórn á áburðargjöf er nauðsynleg til að lágmarka nítrat í blaðgrænmeti.
- Í íslensku umhverfi er tiltölulega lítið af mengandi efnum borið saman við önnur nálæg lönd. Því ættu að vera góð skilyrði til að framleiða matvæli á Íslandi með algjöru lágmarki aðskotaefna.